

Ed.  
um sauðfjárbaðanir.

## 529. Frumvarp til laga

[104. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 353 með þessum breytingum:

### 2. gr. hljóðar svo:

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

### 5. gr. hljóðar svo:

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eigenda, uns dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis, og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði, sérstaka útrýmingarböðun, þ.e. tvíböðun, í hólfinu eða á svo stóru svæði sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd itarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varast samgang fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hvernar einstakrar skepnu. Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf. Yfirdýralæknir getur hlutast til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði. Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í ríkisútvarpinu og birt í Lögbirtinga-  
blaðinu.